

AUGLÝSING

um gjald skv. 13. gr. reglugerðar nr. 81/1990 um takmörkun
umferðar og dvalar á svæði Keflavíkurflugvallar.

1. gr.

Gjald fyrir skírteini um umferðar- eða dvalarleyfi á svæði Keflavíkurflugvallar skal vera kr. 1 000.

Utánríkisráðuneytið, 16. febrúar 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

19. febrúar 1990

Nr. 83

REGLUGERÐ

um bann við veiðum í Eyrarbakkabug.

1. gr.

Frá og með 20. febrúar 1990 eru allar veiðar með línu, vörpu og dragnót bannaðar á svæði, sem að vestan markast af 21°22'V og að austan af 20°34'V. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er í fjögurra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. febrúar 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.